

Nautgripasæðingar 2015

Sveinbjörn Eyjólfsson
Nautastöð Bændasamtaka Íslands, Hesti


Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2015 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.

Áður en við skoðum það er rétt að gera sér grein fyrir breytingum sem orðið hafa á árunum 2012 til og með 2015. Með aukinni mjólkurframleiðslu jukust sæðingar, kannski meira en menn grunaði. Á þessu árabili fjölgaði fyrstu sæðingum um 3.700 eða 14% og heildarfjöldi sæðinga jókst um tæp 10 þús. eða um 22%. Þetta er veruleg aukning og er í raun gæðastimpill á frjótækna landsins að hafa ráðið við þessa fjölgun og viðhaldið metnu fanghlutfalli.

Ár	1. sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012	Allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	26.276		44.773	
2013	26.890	2%	46.782	4%
2014	28.752	9%	51.991	16%
2015	29.971	14%	54.419	22%

Á árinu 2015 voru sæddar 29.971 (28.422) kýr 1. sæðingu eða 85,3 % af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt talningu árið á undan. Sambærilegt hlutfall ársins á undan var heldur hærra eða 86,3%. Þetta hlutfall er hátt en það verður þó að geta þess að tölur um búfjárfjölda eru frá árinu á undan og kúm hefur verið að fjölga. Heildarfjöldi sæðinga árið 2015 var 54.419 skv. skráningum í Huppu en var á árinu 2014 51.991 skv. sömu heimild. Munurinn er rétt um 2.500 sæðingar og munar um minna. Líkur eru til að það sé heldur að draga úr fjölda sæðinga.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga árána 2000 til 2015, sem þýðir að kýrin kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur hækkað um einn af hundraði. Það er sérstaklega ánægjulegt, ekki síst í því ljósi að sæðingum hefur fjölgað. Fall á fanghlutfalli undanfarin ár má að hluta rekja til betri skráningar en árið 2011 er ástæðan lágt fanghlutfall ungnauta en árið 2013 er ástæðan lágt fanghlutfall reyndra nauta. Munar þá miklu hversu illa hélt við ákveðnum nautum úr árgangi 2006, sem mörg hver voru mjög mikið notuð. Í raun er sama fanghlutfall ungnauta árið 2012 og 2013 eða rúm 71% þannig að þá skýrðist öll lækunin af reyndu nautunum. Nú kemur ýmislegt til. Ugglaut skýrist stór hluti þessara breytinga af því að vegna markaðsaðstæðna voru kýr láttnar lifa lengur og reynt að sæða “vandamála” kýr sem annars hefði verið slátrað. Þá er fanghlutfall ungnauta of lágt eða einungis 67% og leita verður skýringa á þeirri breytingu. Tekið skal fram að eins og áður er ekkert ungnautasæði sent frá stöðinni nema það sé fyrsta flokks.



Tafla 1 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum. Tekin eru þrjú ár sem eiga að vera fyllilega sambærileg. Þegar litið er yfir tölur hefur árangur á Vesturlandi nokkuð staðið í stað nema hann lækkar í Dalasýslu, eftir gott ár 2014. Árangur Vestfirðinga er áfram metinn góður. Á Norðvesturlandi er metinn árangur í meðallagi í V-Hún., svipaður í A-Hún. en hann batnar umtalsvert í Skagafirði. Metinn árangur í Eyjafirði hefur farið upp um 1 prósentustig en verulega bót má sjá í S-Þing. Austurland er á svipuðu róli og síðasta ár en A-Skaft fer niður um 2 stig. Á Suðurlandi, þar sem sæðingar eru almennt mest notaðar, er metinn árangur töluvert undir meðaltali. Aðeins er fall í Rangárvallasýslu en ris í Árnassýslu. Árangur á Suðurlandi verður þó að skoða í því ljósi að þar eru sæðingar mjög mikið notaðar og ekki vafi að það hefur áhrif á metið fanglutfall.

Tafla 1.

Samanburður milli ára 2013, 2014 og 2015						
Búnaðar-samband	2013		2014		2015	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur
Kjalnesinga	250	70%	278	68%	284	69%
Borgarfjarðar	1557	68%	1.749	68%	1826	67%
Snæfellinga	519	68%	574	63%	627	67%
Dalamanna	290	69%	311	73%	297	64%
Vestfjarða	516	79%	516	73%	519	74%
Strandamanna	35	94%	35	91%	70	76%
V-Hún.	522	72%	498	67%	503	66%
A-Hún.	826	71%	880	74%	853	72%
Skagafjarðar	1775	69%	1.945	65%	2053	69%
Eyjafjarðar	3796	69%	4.245	66%	4240	67%
S-Þing.	1222	65%	1.300	62%	1285	66%
Austurlands	847	69%	905	64%	1031	65%
A-Skaft.	365	70%	394	69%	417	67%
V-skaft	690	60%	616	60%	596	61%
Rangárvalls	2623	60%	3.083	62%	3132	60%
Árnassýsla	4687	66%	4.801	63%	4963	65%
Landið	20520	67%	22130	65%	22696	66%

Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna í hausttalningu 2014. Yfirlitið ætti því að sýna raunnotkun. Hlutfall kúa og kvígna er koma til sæðingar er svipað en það má enn hækka, sérstaklega hjá kvígum. Við getum gert enn betur og möguleikar bænda að taka á í kynbótastarfinu eru því enn miklir. Kynbótastarfið er samstarfsverkefni þar sem allir njóta árangurs þeirra sem taka þátt. Eftir því sem þátttakan eykst má við því búast að framfarir aukist og öryggi starfsins verði meira. Það er mikils virði fyrir bændur og landsmenn alla. Í aukinni samkeppni og kröfum um meiri framleiðni verðum við að gera eins vel og hægt er á hverjum tíma.


Rannsóknir sýna að við eigum enn möguleika og hann ættum við að nýta. Enn er rétt að vara við því að fjöldi holdakúa er hlutfallslega mjög mikill hjá Kjalnesingum og því er sú taka ekki samanburðarhæf við önnur svæði.

2013 Búnaðar- samband	Fjöldi kúa	Fjöldi kvígna	Samtals	2013 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	547	124	671	333	49,63%
Borg/Snæ	2.992	645	3.785	3.006	79,42%
Dalamanna	439	129	568	509	89,61%
Vestfjarða	661	194	855	635	74,27%
Strandamanna	55	16	71	59	83,10%
V-Hún.	683	153	836	615	73,56%
A-Hún.	936	153	1.089	955	87,70%
Skagafjarðar	2.458	678	3.136	2.262	72,13%
Eyjafjarðar	4.569	1.262	5.831	4.789	82,13%
S-Þing.	1.643	398	2.041	1.474	72,22%
Austurlands	1.123	239	1.362	989	72,61%
A-Skaft.	435	81	516	477	92,44%
Suðurlands	9.938	2.703	12.641	10.407	82,33%
Landið	26.479	6.775	33.402	26.510	79,37%


2014					
Búnaðar- samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2014 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	514	113	627	343	54,70%
Borg/Snæ	3.117	704	3.785	3.219	85,05%
Dalamanna	411	135	546	458	83,88%
Vestfjarða	768	219	987	683	69,20%
Strandamanna	50	18	68	61	89,71%
V-Hún.	661	165	826	606	73,37%
A-Hún.	949	203	1.152	981	85,16%
Skagafjarðar	2.554	670	3.224	2.350	72,89%
Eyjafjarðar	4.842	1.303	6.145	5.337	86,85%
S-Þing.	1.678	432	2.110	1.633	77,39%
Austurlands	1.084	277	1.361	1.074	78,91%
A-Skaft.	445	80	525	481	91,62%
Suðurlands	10.770	2.781	13.551	11.183	82,53%
Landið	27.843	7.100	34.907	28.409	81,38%

2015					
Búnaðar- samband	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals	2015 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	514	113	627	363	57,89%
Borg/Snæ	3.117	704	3.785	3.301	87,21%
Dalamanna	411	135	546	531	97,25%
Vestfjarða	768	219	987	747	75,68%
Strandamanna	50	18	68	57	83,82%
V-Hún.	661	165	826	617	74,70%
A-Hún.	949	203	1.152	988	85,76%
Skagafjarðar	2.554	670	3.224	2.570	79,71%
Eyjafjarðar	5.000	1.363	6.363	5.525	86,83%
S-Þing.	1.678	432	2.110	1.685	79,86%
Austurlands	1.084	277	1.361	1.186	87,14%
A-Skaft.	445	80	525	531	101,14%
Suðurlands	10.770	2.781	13.551	11.622	85,76%
Landið	28.001	7.160	35.125	29.723	84,62%


Á mynd 2 má sjá fjölda sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru í janúar, sem er líkt og oftast. Níu mánuði ársins eru sæðingar fleiri en árið áður. Einungis apríl, október og desember víkja frá þeirri reglu. Öll árin voru sæðingar fæstar í september.




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Þar má enn merkja að hlutfallslegur munur milli mánaða er að minnka.




Á mynd 4 má sjá að alltaf finnst munur á fanghlutfalli milli mánaða. Hann virðist aftur aukast á árinu 2015. Hæst er metið fanghlutfall í september eða 72% en lægst í janúar, einungis 62%.



Á mynd 5 má sjá að alls voru 36 óreynd naut með 150 fyrstu sæðingar eða fleiri á árinu 2015 á móti 33 nautum árið 2014. Á myndinni kemur fram árangur þessara nauta. Meðalfanghlutfall þeirra er 67%, sem er það sama og árið á undan og verða bæði þessi ár að teljast mjög léleg. Eitt naut fer niður fyrir 60% sem er auðvitað afleitt. Tólf naut fara niður fyrir 65% í metnu fanghlutfalli, sem er ekki gott. Þetta gerist þrátt fyrir að ekkert sæði fari út úr ungnautum nema það sem er metið í besta gæðaflokk. Þá eru ungnautin oft notuð á kýr sem ekki eru í hæstu nyt og ættu því að halda betur samkvæmt fræðunum.



Á mynd 6 má sjá að á árinu 2015 voru 22 reynt naut á móti 21 reyndu nauti árið 2014, með 150 sæðingar eða fleiri. Árangur þeirra sést á mynd hér fyrir neðan en hann er að meðaltali 66% sem er heldur betra en árið 2014 er það var 64%. Tvö naut eru metin með minna en 60% fanghlutfall, sem eru auðvitað vonbrigði. Tvö önnur liggja við 60%. Þá nær ekkert reynt naut 70% marki.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá metinn árangur hærri en útkoma ársins segir til um. Þrátt fyrir það getur árangurinn átt sér eðlilegar skýringar. Hann er misjafn milli landshluta. Hann er misjafn milli bóa. Hann er misjafn milli frjótækna og hann er mjög misjafn milli nauta. Umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til að viðhalda áframhaldandi kynbótum í kúastofninum.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að láta frá okkur gott og heilbrigðt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Dýralæknirinn fer jafnframt um og hittir starfandi frjótækna og leiðbeinir þeim með það sem betur má fara. Þá mun hann einnig taka þátt í leiðbeiningum til bænda vegna beiðslisgreininga og fleiri þátta er stuðlað geta að bættri frjósemi.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar. Þó sýnir hann ákveðinn mun eins og áður hefur komið fram. Þó það sé ekki vaninn þá ætla ég að taka upp þann sið að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótækna sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt Huppu stendur þar efstur Kristján Högni Jónsson á Vestfjörðum en hans árangur er metinn 78% eftir 289 sæðingar.